

Markmið:

Starfskjarastefna Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er sett í samræmi við 79. gr. Laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hún hefur að markmiði að styrkja möguleika sparisjóðsins til að veita góða þjónustu með því að bjóða starfsfólki sínu góð kjör miðað við kjör annarra þeirra sem vinna sambærilega störf á starfssvæði sparisjóðsins.

Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar sparisjóðsins sbr. samþykktir sparisjóðsins og gildandi lög.

Starfskjör sparisjóðsstjóra

Starfskjör sparisjóðsstjóra skulu ákveðin af stjórn sparisjóðsins og koma fram í ráðningarsamningi hans, þ.á.m. föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, aðrar starfstengdar greiðslu ef einherjar eru, sem og uppsagnarfrestur.

Starfskjör annarra starfsmanna

Sparisjóðsstjóri ákvaðar kjör annarra starfsmanna í samræmi við starfskjarastefnu sparisjóðsins og kjarasamninga bankamanna.

Árangurstengdar greiðslur

Engar árangurstengdar greiðslur skulu greiddar einstökum starfsmönnum sparisjóðsins og þeir skulu ekki njóta sérkjara við kaup eða sölu stofnfjárbréfa sjóðsins. Stjórn getur ákveðið sérstakan stuðning við starfsmannafélag sparisjóðsins í ljósi góðs árangurs í rekstri sjóðsins.